



Sveitarfélagið Árborg,  
c/o Bragi Bjarnason,  
Austurvegi 2,  
800 Selfoss.

Kópavogi, 29. maí 2020

**Efni: Úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2020.**

Á fundi stjórnar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands í dag voru samþykktar styrkveitingar til 11 aðila, samtals að upphæð 5,0 milljónir króna.

Við afgreiðslu umsóknanna var farið eftir 11. gr. Starfsreglna stjórnar EBÍ um hæfi stjórnarmanna til að fjalla um mál.

Það er félaginu mikil ánægja að tilkynna að sveitarfélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð **kr. 270.000.-** vegna verkefnisins „Upplýsingaskilti við Knarrarósvita“.

Upphæðin verður lögð inn á reikning sveitarfélagsins þann 11. júní n.k.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins og ráðstöfun ofangreindra fjármuna fyrir 1. mars á næsta ári. Er þetta í samræmi við 8. gr. reglna sjóðsins en þar segir að sveitarfélag geti ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um verkefnið hefur ekki verið skilað inn.

Það er ósk okkar að þessi styrkveiting stuðli að því að framgangur verkefnisins verði með þeim hætti sem forráðamenn þess vonast til.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið  
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir*  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir  
fulltrúi.



Meðfylgjandi: Listi yfir úthlutaða styrki.

## Úthlutaðir styrkir úr Styrktarsjóði EBÍ 2020

Stjórnarfundur EBÍ 29. maí 2020

Sveitarfélag	Heiti á verkefni	Styrkur
Hvalfjarðarsveit	Merking sögu og merkisstaða í Hvalfjarðarsveit.	600.000
Akraneskaupstaður	Í takt við tímann, gagnvirkt götukort af Akranesi	600.000
Borgarbyggð	Fræðsluskilti um fugla	500.000
Snæfellsbær	Sjókonur á Snæfellsnesi	600.000
Strandabyggð	Hagnýting og miðlun gamalla ljósmynda frá Hólmavík	500.000
Fjallabyggð	Aðgengi að hringsjóni á Álfróll á Hólsárþakka	500.000
Dalvíkurbyggð	Upplýsingaskilti við Tungurétt í Svarfaðardal	240.000
Grytubakkahreppur	Söguskilti við Útgerðarminjasafnið á Grenivík	350.000
Skaftárhreppur	Gullmolinn. Umhverfislistaverk, saga vatnsaflsvirkjana á Íslandi.	620.000
Sveitarfélagið Árborg	Upplýsingaskilti fyrir örnefni fjalla á Suðurlandi við Knarrarósvita	270.000
Skeiða-og Gnúpverjahreppur	Birkiskógur við Búrfell	220.000
		5.000.000